

TILSKIPUN

78

29. júní

um viðauka við tilskipun nr. 8 11. apríl 1933, um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenskum skipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, og tilskipun nr. 8 11. apríl 1933, um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenskum skipum, setjum hér með eftirfarandi nánari fyrirmæli og reglur, er fylgja skal á síldveiðum á íslenskum skipum:

1. gr.

Með orðinu „herpinót“ er í reglum þessum átt við síldarnót, sem kastað er frá tveimur bátum, sem hvor um sig hefur helming nótarinnar innanborðs. „Hringnót“ er síldarnót, sem öll er höfð í einum báti og kastað frá honum eða sjálfu veiðiskipinu.

2. gr.

Nótabátar, sem hreyfast fyrir einhvers konar vélaafli, skulu hlíta sömu reglum um stjórn og siglingu sem önnur vélskip. Að nýttu til skulu þeir hafa uppi lögboðin siglingaljós samkvæmt 1. og 2. lið 7. gr. hinna alþjóðlegu sjóferðareglna, meðan þeir eru lausir við veiðiskipið og hafa ekki byrjað að kasta nótinni. Sé um herpinótabáta að ræða, skal ein slík ljósasamstæða vera fyrir háða.

Eftir að byrjað er að kasta nótinni, skal hvor báturinn um sig aðeins hafa ljós samkvæmt 4. lið 7. gr. sjóferðareglnanna. Þetta ákvæði á einnig við um hringnótabáta.

3. gr.

Skip eða bátur telst þá fyrst hafa byrjað að kasta nótinni, er hún rennur út viðstöðulaust. Það losar ekki skip eða bát frá skyldu til að víkja fyrir öðrum skipum eða bátum, þótt nokkur hluti nótarinnar sé dreginn á eftir skipinu eða bátinum í sjónum.

4. gr.

Þegar mörg skip eru saman komin til síldveiða á takmörkuðu svæði, skal skipstjórnarmönnum skylt að gæta fyllstu varúðar og fylgja nákvæmlega ákvæðum hinna alþjóðlegu sjóferðareglna.

Enginn skipstjórnarmaður má aðhafast neitt það, er truflað geti veiðar annarra skipa, svo sem að meina nótabátum að komast að síldartorfu, styggja síldartorfu að þarflausu eða kasta fyrir torfu, sem aðrir eru byrjaðir að kasta fyrir.

5. gr.

Brot á tilskipun þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 29. júní 1949.

Emil Jónsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Emil Jónsson.